



7. stjórnarfundur LH

Haldinn í Laugardal 6. mars 2015 og hófst hann kl. 12:00

Fundinn sátu:

Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eyþór Jón Gíslason, Jóna Dís Bragadóttir, Stella Björg Kristinsdóttir, Ólafur Þórisson, Haukur Baldvinsson, Helga B. Helgadóttir í fjarveru Andreu Þorvaldsson aðalstjórn, S. Rúnar Bragason Rúnar Þór Guðbrandsson, Hrönn Kjartansdóttir, varastjórn. Jónína Stefánsdóttir, Gullhyl. Stefán Vagn Stefánsson, Gísli Sigurðsson, Indriði Þór Einarsson og Ásta Björg Pálmadóttir, sveitarfélag Skagafjarðar.

Fundurinn var einnig sendur út á Lync og hafa þá fundarmenn kost á að fylgjast með fundinum í gegnum tölvu.

Fundargerð ritaði: Eyþór Jón Gíslason

Dagskrá:

1. Landsmót á Hólum í Hjaltadal

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Stefán Vagn þakkaði fyrir góða samvinnu við fulltrúa LH og LM vegna undirbúningsvinnu við Landsmót. Einnig kom fram í máli Stefáns að það væri einhugur í sveitarstjórn Skagafjarðar að standa að Landsmóti að Hólum 2016. Næst tók til máls Indriði og fór hann yfir drög að skipulagi svæðisins og sýndi yfirlitsmynd af svæðinu. Einnig var farið yfir kostnaðaráætlun vegna framkvæmda og kom þar fram að áætlaður heildarkostnaður væri upp á 113. milljónir. Einnig var kynnt fyrir fundarmönnum framkvæmdaráætlun. Í lokin buðu fulltrúar sveitarstjórnar Skagafjarðar stjórn LH í heimsókn í Skagafjörðinn.

Fulltrúar Gullhyls og sveitarfélagsins Skagafjarðar viku af fundi.

Formaður LH fór yfir núverandi stöðu og hvernig vinnuferlið hefur verið. Formaður lagði fram tillögu þess efnis að fulltrúum Landsmóts ehf. verði falið að ganga til samninga við Gullhyl ehf. miðað við fyrirliggjandi samning. Umræður urðu um samninginn meðal stjórnarmanna. Tillagan var borin upp og samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1 atkvæði frá Stellu Björg Kristinsdóttur.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 14:15.